

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 13. febrúar 2020.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) umsýsluaðili Sprotasjóðs. Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu, tilkynnti forföll. Björk setti fundinn kl. 9:00 og Dana var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

Vinnulag við yfirferð umsókna

Það vinnulag sem var viðhaft við síðustu úthlutun gafst vel og er því stjórn sammála um að notast við sama vinnulag við yfirferð umsókna í ár.

Fyrsta lota í yfirferð umsókna

Umsóknir til Sprotasjóðs voru 46 talsins að þessu sinni. Umsóknirnar skiptust þannig milli skólastiga að 30 umsóknir komu frá grunnskólastiginu, 6 umsóknir frá leikskólastiginu og 5 umsóknir frá framhaldskólastiginu. 5 umsóknir eru þvert á skólastig. Þetta eru töluvert færri umsóknir en voru í fyrra.

Í ár var ákveðið að Sprotasjóður myndi færa umsóknartímabilið aftar og var opnað fyrir umsóknir í byrjun janúar í stað þess að opna fyrir umsóknir í byrjun desember líkt og árið áður.

Margar umsóknir féllu ekki undir hlutverk Sprotasjóðs sem þýðir að umsækjendur eru því miður að sækja um ýmislegt sem að sjóðurinn styrkir ekki eins og t.d. námsefnisgerð, starfsþróun kennara og heimasíðugerð. Er því mikilvægt að það sé skýrara hvað Sprotasjóður styrkir og hvað ekki. Einnig var nemendapáttur ekki alltaf skýr eða vantaði alfarið í mörg verkefni.

Skipulag vegna yfirferðar og næstu fundir

Farið var yfir skipulag við yfirferð umsókna og næstu fundi stjórnar. Gert er ráð fyrir tveimur fundum stjórnar við yfirferð umsókna og verður næstu fundur þriðjudaginn 25. febrúar frá kl. 10:00 – 16:00.

Fundi slitið kl. 14:20